

**Nd.**

**328. Tillaga**

til þingsályktunar um launakjör embættis- og starfsmanna ríkis og ríkisstofnana.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Hannes Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til rækilegrar ihugunar launakjör embættis- og starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og gera fyrir næsta þing tillögur um nýja og réttlátari skipun þeirra mála, og þann veg, að launakjör séu sniðin eftir fjárhagsgetu ríkis og afkomu almennings í landinu.